



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

1. tbl. 2003, - 13. árg.

Janúar 2003

TILKYNNING FRÁ STJÓRN FÉLAGS ÍSLENDINGA Í LÚXEMBOURG

Porrablót 2003



Góðan daginn ágætu félagar, þá er komið að þorranum. Þorrablótið verður haldið að þessu sinni 7. febrúar í Am Sand í Niederanven.

Veislan hefst kl. 19:00 með fordrykk og tónlist fluttri af píanóleikaranum Atila Cífchi frá Köln, en hann mun einnig flytja ljúfa tóna undir borðhaldi.

Borðhald hefst um kl. 20:00 og mun brytinn Sölvi Hilmarsson sjá um ljúffengan þorramat og ymislegt annað góðgæti, þannig að hver og einn ætti að finna sér eitthvað gott við hæfi.

Fljótlega eftir borðhaldið mun leikfélagið Spuni skemmta okkur með frumsömu gamanleikriti er nefnist Abbabbabb undir leikstjórn Sigrúnar Sólar Ólafsdóttur.

Að lokum mun hljómsveitin Amstelbandið stilla sér upp á sviðinu og halda uppi góðu stuði fram undir morgun.

Forsala aðgöngumiða stendur frá 17. janúar til 2. febrúar.

Miðaverð í forsolu 65 euro.

Miðaverð við inngang 75 euro.

Námsmenn fá að venju góðan afslátt og greiða 30 euro fyrir miðann.

Einnig verður selt inn á staðinn eftir borðhald á 30 euro (um kl. 10:00).

Þá er ekki eftir neinu að biða, hægt er að panta miða og bóka borð hjá Hafþóri og Röggu í síma 26 34 05 01 eða hjá Elinu í síma 26 36 09 11.

Hægt verður svo að nálgast miðana hjá eftirfarandi aðilum:

Eggert eða Bjargey í Kaupþingi.

Jóninu í Búnaðarbanka.

Hafþóri (IT), Móu (PUBLIC RELATIONS) og Daða (CREW TRAINING) í Cargolux.

Elisabetu í Ehnem.

Hafþóri og Röggu í Niederanven.



Elinu í Hesperange.

Sjáumst hress og kát á þorrablóti

Stjórnin

Í þessu blaði:

| | |
|------------------------------------|---|
| <i>Þorrablót FÍL 2003</i> | 1 |
| <i>Hafsteinn Hansson - minning</i> | 2 |
| <i>Molar</i> | 2 |
| <i>Snúðar með kanilbragði</i> | 3 |
| <i>Ljósbrandari</i> | 3 |
| <i>Íslenskuskólinn - vorönn</i> | 3 |
| <i>Spunaæfingar</i> | 3 |
| <i>Brókvöld</i> | 3 |
| <i>Frá ritstýru</i> | 3 |
| <i>Litlu dálkarnir</i> | 4 |
| <i>Netfanginn</i> | 4 |



Bjóðum upp á 'SPINNING' tíma fyrir lokaða einkahópa.

Allir geta verið með, ekki bara þeir sem eru í formi.

Talið við Dís í síma 357 181

Á döfinni:

- Brókvöld, sjá bls. 3
- Þorrablót 7. feb. sjá auglýsingu
- Íslenskuskólinn, sjá auglýsingu bls. 3




Hafsteinn Hansson - minning

Látinn er Hafsteinn Hansson fyrrum formaður Íslendingafélagssins í Luxembourg.

Hafsteinn var fæddur 24. mars 1925 í Hafnarfirði, dáinn 15. október 2002.

Hafsteinn kom til Luxembourgar í ágúst 1972 og bjó hérna í tíu ár en hann og kona

hans Lilja Ingólfssdóttir fluttu til Íslands í ágúst 1982. Hafsteinn kom til Lúx frá Þýskalandi en þar hafði hann starfað með Róbert Arnfinnssyni leikara sem sviðsmaður á uppferlu á ZORBA í Luebeck. Hafsteinn hóf störf fyrst á flugvéla-varahluta lager Loftleiða, seinna Cargolux. Síðustu árin sín í Lúx starfaði hann sem hleðslustjóri og flaug með vélunum. Hann vann við allar þrjár tegundir flugvéla sem Cargolux var með í þjónustu sinni en þær voru CL-44 (Monsarnir) DC8-63 og svo síðustu árin á B-747-200 og fórst honum vel úr hendi, og var hann samviskusamur og sá alltaf björtu hliðarnar á máluðum ef eitthvað fór úrskeiðis. Hann var hrókur alls fagnaðar og var virkur meðlimur í Félagi Íslendiga hérna í Lúx, samdi ýmislegt efni sem flutt var á samkomum félagsins einsog annála fyrir þorablót, 17. júní og fullveldishátíðarna sem þá voru haldnar 1. desember. Hann var mjög söngelskur, tók lagið og spilaði á gítar í góðra vina hópi. Hafsteinn var fyrst formaður FÍL 1978 og aftur 1981. Börn þeirra hjóna eru fjögur: Sigurður flugvirki en hann



starfaði fyrst hjá Loftleiðum / Cargolux hér í Luxembourg frá 1971-1975 og frá 1976 til 1981. Starfar nú hjá Air Atlanta. Hin börnin eru Hans, Jóhanna Jóna og Ingibjörg. Hafsteinn var lærður málari, tók sveinspróf 1950.

Undirritaður naut aðstoðar hans við innanhúss málningu hérna um árið. Taldi hann það ekki eftir sér að rúlla á nokkra vegg eftir vinnu. Eftir komuna til Íslands starfaði Hafsteinn við akstur hjá SVR. Undirritaður hitti Hafstein á fornum vegi eftir að hann flutti til Íslands og ræddum við um daga hans í Luxembourg og var stutt í gamansemina því hann sagðist hafa verið fljótur að komast í "vinstra sætið" (það sem öllum flugmönnum dremmir um)! Hjá SVR var hann virkur þátttakandi í félagsstarfsemi þeirra sem og í félagi eldri borgara. Hann lék smá hlutverk í nokkrum íslenskum kvikmyndum og þar naut hann sín og skilaði þeim hlutverkum vel. Útför Hafsteins var gerð í kyrrþey. Lilja er látin fyrir nokkrum árum, en hún lést 18. júní 1996.

Til fróðleiks læt ég fylgja með þessu blaði, annál Hafsteins frá þorablóti FÍL 1981 eins og hann birtist í 17. júní blaðinu 1982.

Blessuð sé minning Hafsteins Hanssonar.

Agnar Br. Sigurvínsson

(Annállinn verður birtur í Brúnni í febrúar, Ritstýra)

Molar

Jón Arnór Stefánsson, körfuknattleiksmaðurinn snjalli sem spilar í Trier, var valinn körfuknattleiksmaður Íslands ársins á Íslandi 2002. Það er stjórn KKÍ sem velur körfuboltamann og körfuboltakonu ársins hverju sinni að beiðni ÍSL sem síðan verðlaunar viðkomandi. Kosin körfuknattleikskona Íslands ársins á Íslandi 2002 var Birna Valgarðsdóttir, Keflavík.

Rétt er að vekja athygli á að Þórunn Egilsdóttir, dóttir Egils Guðmundssonar fyrrverandi flugvélstjóra hjá Cargolux, er með þáttinn RTL Boulevard í Lúxembúrgíska RTL sjónvarpinu, alla daga kl. 18.50 og kl. 22.00. Þetta eru þættir um fræga fólkið, skemmtanabransann og lífstillinn sem því fylgir.

Samkvæmt Banque Central du Luxembourg eru ennþá í umferð 454 milljónir *gamalla luxembourgska franka*. 262 milljónir seðla og 192 milljónir af klínki. Talið er að safnarar eigi stærstan hluta fjársins en þó má ekki gleyma að talsvert af seðlum og mynt er talið ónytt eða tynt. Þetta er nú ansi stór upphæð, sérstaklega ef við leikum okkur og deila henni niður á landsmenn. Miðað við að í landinu búi 440.000 manns, þá er þetta 1.031,- franki á hvert mannsbarn í landinu.

Evrópusambandið hefur fundið að við 13 ríki Evrópusambandsins fyrir að fara ekki eftir tilmælum þess. Aðeins Danmörk og Svíþjóð eru með allt sitt á hreinu. Farið verður í

mál fyrir Evrópudómstólum við 7 lönd og þar á meðal Luxembourg fyrir að setja ekki lög um eignarétt á teikningum og módelum, þrátt fyrir tilmæli Evrópubandalagsins frá 1998.

Þær systur Sigrún og Dögg Pétursdætur hafa keypt barinn *Check-Inn* á flugvallarsvæðinu. Fyrir reka þær ásamt fjölskyldu m sínum hótelið Studio á sama svæði.

Tungumálaskólinn *Prolingua* hefur bætt úrval sitt af tungumálatímum fyrir árið 2003. Einnig er boðið upp á "seminara" á viðskiptamáli á þýsku, frönsku og ensku. Allar upplýsingar er að hafa hjá Prolingua, 4 place de Strasbourg, L-2562 Luxembourg, sími: 40 39 91 1, fax: 48 61 02 og e-mail: info@prolingua.lu.

Ministere des Sports hefur gefið út dagatal yfir alla helstu skipulagða íþróttaviðburði ársins 2003. Hægt er að nálgast dagatalið víða, t.d. á sveitarstjórnarskrifstofum, hjá íþróttafélögum, í bönkum, íþróttabúðum, sundlaugum og víðar.

Leikklúbburinn "Pirate Productions" sýnir Öskubusku eða Cinderella í Chateau de Bettembourg 22.—25. janúar. Sýnt verður kl. 20:00 alla daga og kl. 15:00 að auki þann 25. janúar

Miða er hægt að panta í síma 358 778 eða á e-mail home.office@pt.lu.

**CHECK
INN**

café - brasserie - disco

7, rte de Trèves · L-2632 FINDEL

Check-inn opunarveisla

Eftir nýleg eigandaskipti á veitingahúsinu Check-inn verður haldin opunarveisla fimmtudaginn 30. janúar.

Við viljum bjóða alla velkomna að fagna með okkur, friir drykkir milli 18:00 og 20:00.

Eigendur



Snúðar með kanilbragði

3dl mjólk

3 tsk þurrger

50 g smjör

2 msk sykur

1 tsk kardimommur

400 g hveiti

Hitið mjólkina í 37 gráður og blandið gerinu saman við. Bætið sykri, salti og kardimommum út í. Bræðið smjórið. Blandið u.þ.b. 2/3 af hveitinu ásamt smjörinu saman við mjólkurbíönduna og hrærið vel þannig að deigið verði eins og mjög þykkur grautur. Látið það lyfta sér í 40 - 50 mín.

Hnoðið deigið, bætið hveiti saman við þar til það verður viðráðanlegt, mjúkt og sleppir vel hendi. Fletjið deigið út í ílanga köku u.þ.b. 60 x 30 sm.

Fylling:

1 epli

1 tsk kanill

2 msk sykur

2 msk smjör, brætt

Blandið saman kanil og sykri, bræðið smjórið og rífið eplið. Penslið kókuna með smjörinu og stráið kanilsykrinum yfir og síðan rifna eplinu. Rúllið kökunni upp. Skerið í 12-14 jafna bita og setjið á plötu með samskeytin niður. Látið lyfta sér í 30 mín. Þrýstið með hendinni í miðjuna á hverjum snúð og penslið með eggjablöndu. Stráið perlusykri yfir og bakið í 200 gráðu heitum ofni í 12—15 mín. Eða þar til snúðarnir eru fallega brúnir.

Ljóskubrandari

Tvær ljóskur fóru í fyrsta skipti til útlanda og voru að fara í fyrsta sinn í lest.

Þegar þær eru búnar að koma sér vel fyrir í sætunum gengur ávaxtasali á milli sætaraðanna og er að selja framandi ávexti sem þær hafa aldrei séð áður. Þær ákveða að kaupa sér sitt hvorn ávöxtinn. Önnur ljóskan ákveður að gæða sér á ávextinum um það bil sem lestin er að fara inn í göng. Þegar lestin kemur út úr göngunum lítur hún á vinkonu sína og segir,

“Ég myndi ekki borða þennan ávöxt ef ég væri þú”.

“Af hverju ekki?” segir hin

“Ég tók einn bita og varð blind í hálfu mínútu”.

Að æfa eða æfa ekki

1. Það er talið að fyrir hverja tvo kílómetra sem þú skokkar þá bætirðu einni mínútu við líf þitt. Þetta gerir þér kleift að vera aukalega í fimm mánuði á elliheimili þegar þú verður orðinn 85 ára ...

2. Amma byrjaði að ganga tíu kílómetra á dag þegar hún var sextug. Hún er núna vel yfir níu og við vitum ekkert hvar hún er niðurlögin.

3. Eina ástæðan fyrir því að ég myndi byrja að skokka væri að heyra þungan andardrátt aftur.

4. Ég gekk í heilsuklúbb á síðasta ári og það kostaði 40 þúsund krónur. Hef ekki misst gramm. Maður þarf greinilega að mæta.

5. Ég verð að æfa mjög snemma á morgnana - áður en heilinn fattar hvað ég er að gera.

6. Ég æfi ekki neitt. Ef Guð hefði viljað að við gætum snert á okkur tærnar hefði hann haft þær ofar.

7. Mér finnst langir göngutúrar skemmtilegir. Sérstaklega þegar fólk sem ég fila ekki fer í þá.

8. Ég er með feit læri, en sem betur fer þá felur maginn þau.

9. Hagnaðurinn af því að æfa daglega er sá að þú deyrð heilbrigðari.

10. Og síðast en ekki síst. Ég myndi aldrei fara að skokka því þá myndi klakinn í drykknum mínum hrossast upp úr glasinu.

Úr Öglublaðinu, málgagni Lionsklúbbsins Öglu í Borgarnesi.

Ritstýra vill þakka Tótu Fljótu og Döddu skólakennara fyrir að ná í nýju finu umslögin okkar alla leið til Jóhannesarborgar í Suður Afríku, þar sem þau voru prentuð.

Íslenskuskólinn - vorönn

Kennslan verður áfram á þriðjudögum og á sama tíma, sama stað, kl. 13.15 - 15.15 í Vereinsbau í Godbrange. Byrjar strax eftir karnivalfrí og lýkur fyrir páska.

Yngri hópur, 5-7 ára.

Eldri hópur, 8-12 ára.

25. febrúar yngri hópur

4. mars eldri hópur

11. mars yngri hópur

18. mars eldri hópur

25. mars yngri hópur

1. apríl eldri hópur



Spuni

Æfingar hefjast föstudagskvöldið 17. janúar kl 19:00. Þeir sem hafa áhuga á að vera með eða vilja hjálpa til hafi samband við Möttu, 787 0771, Kótu 26 780 257 eða Bryndísi 341 882

Bíókvöld

Næsta bíóferð, miðvikudagskvöldið 29. janúar. Áhugasamir hringi í Sollu í síma 789 341 eða 091 789 341.

Frá ritstýru

Gleðilegt ár kærur lesendur, enn á ný er komið nýtt ár. Það er nú aldeilis búið að vera vetur hér í Luxembourg síðustu vikur, ekki eins og á Íslandi þar sem ekki hefur sést snjókor og fólk kvartaði sáran yfir því að það hafi ekki einu sinni verið rauð jól, þau voru nefnilega græn. Heyrði ég að einn hefði slegið

grasið á Þorláksmessu. Fólk skaut upp á gamlárskvöld á stuttermabolum og það í Keflavík, þar sem aldrei er logn.

Útgáfudagar næstu blaða: 17. febrúar, 10. mars, 28. apríl og 2. júní. Svo verður sumarfrí fram í september. Ég vil biðja þá sem vilja senda efni í blaðið að senda

mér það á tölvupósti minnst viku fyrir tilgreindan útgáfudag.

Ritstýra vill einnig benda atvinnurekendum á möguleikann á að setja auglýsingar í blaðið sem er nýbreytni. Hafið samband sem fyrst. Þakkir fá allir sem hafa sent inn efni og aðstoðað við undirbúning blaðsins, án þessarar hjálpar væri blaðið ekki til.



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
179 rue Cents
L-1319 LUXEMBOURG

Umsjón fréttablaðs:
Matthildur Kristjánsdóttir
matthildur@reynisson.com
Sími +352 787 077-1
Fax +352 787 077-31

BGL: 30-037917-24
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl.

BRÚIN

www.icelux.com

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Rafvirki:

Kristján rafvirki verður hjá dóttur sinni frá 23. febrúar til 2. eða 9. mars. Hann er til vinnu reiðubúinn á þessu tímabili fyrir hvern þann sem þarf að láta dytta að einhverju tengdu rafmagni heima hjá sér eða í vinnunni. Rafvirkjapurfandi fólk hafi samband og panti daga hjá Bryndísi í síma 34 18 82 eða 021 266 795.

Keramik:

Eru einhverjar konur (eða menn) sem hafa áhuga á að vera í keramik kennslu einu sinni í viku (febrúar—mars). Kennslan mundi fara fram í Bourglinster eftir hádegi einhvern dag þegar skóli er. Áhugasamir hafi samband við mig í 787091. Kveðja Tóta

Fæðingar

Bjarni Brynjarsson og Isabelle Jander eignuðust drenginn Jónas 24. desember. Hann vóg 3450 gr og var 51 cm langur.

Símaskrá

Hans Knudsen
Laufey Ármansdóttir
netfang: knudsenh@pt.lu

Bjarni Brynjarsson
Isabelle Jander
7 rue de la Liberation
L-6315 Beaufort
Sími: 26 876 415
netfang: bbrynjarsson@cargolux.com

Gisli Sigurjónsson
Kristín A. Ólafsdóttir
6-8 rue de la Montagne
L-6470 Echternach

Haraldur Eiríksson
Ingigerður Guðmundsdóttir
Wiesenstrasse 4
D-54453 Nittel
gsm: 021 626 275

Birgir Örn Björnsson
Ólóf Dis Þórðardóttir
3 rue Chemin de Fer
L-5351 Oetrange
sími/fax: 26 350 316
gsm Olla: 021 228 636
gsm Birgir: 021 276 756
Netföng:
Olla: olladis@pt.lu
Birgir: birgirn@hotmail.com

Þorsteinn Marteinsson
Sigrún Pétursdóttir
sími 26 350 356
Þorsteinn gsm: 021 227 637
Sigrún gsm: 021 192 422

Stavros Evangelakais
Stella Jóhannesdóttir
fax: 355 948
netföng:
Stella: stella26@pt.lu
Stavros:
sevangelakais@cargolux.com

Ómar Bragi Birkisson
gsm 021 151 000
netfang: omar@mailiens.com
Linda Kristín Ragnarsdóttir
gsm 021 151 100
netfang: linda@mailiens.com

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2002-2003

Hafþór Þórarinnsson, formaður, 2634 0501, 021 761 269, formadur@icelux.com
Kolbrún Eir Óskarsdóttir, ritari, 2636 1204, 021 769 550, ritari@icelux.com
Elín Egilson, gjaldkeri, 2636 0911, gjaldkeri@icelux.com
Ragnhildur Eyjólfsdóttir, meðstjórnandi, 2634 0501, 021 300 942
Elisabet Anna Finnbogadóttir, meðstjórnandi, 2674 7440, 021 172 468
Jónína Sigurðardóttir, varamaður, 2620 3580, 021 352 840

Stjórn Kirkjunefndar 2002-2003

Eyjólfur Hauksson, formaður, 768 545
María Huesmann
Sólveig Loftsson
Agnar Sigurvinnson
Sigurður Kristinsson

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, 787 077-1, matthildur@reynisson.com
Bryndis Kristjánsdóttir, ritari, 341 882, arnarsjo@pt.lu
Katrín Ásgrímsdóttir, gjaldkeri, 2678 0257, ekrkaja@pt.lu

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Hrefna Einarsdóttir, formaður, 355 443
Bergdís Kristinsdóttir, gjaldkeri

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir, kennari, 2674 7298, rakelh@binet.is

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Eindagi félagsgjalda var 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGLL númer 30-037917-24.

Vinsamlegast setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Félagsgjöld eru 40 Euro á mann eða 80 Euro á hjón/fjölskyldu.



NETFANGINN BENDIR Á:

Vefsíða mánaðarins er án vafa síðan www.icelandexpress.is. Nýtt félag sem fer örugglega ekki á hausinn strax, selur flugfermiða á milli Keflavíkur og Köben og London Stansted. Fram og tilbaka á London kostar frá 14,660 og Köben 14,160 með sköttum, allt í íslenskum krónum því Frónbúarnir eru ekki búnir að fatta evruna. Það má svo hoppa um borð í Ryanair í Hahn og fljúga til Stansted fyrir næstum því ekki neitt, allt fullt af geggjúðum tilboðum á www.ryanair.com. Flugleiðir og latir geta samt flogið með www.luxair.lu til Heathrow á uppsprengdu verði og skoðað www.heathrow.co.uk og eytt svo restinni af peningunum í www.icelandair.is. Nóg um það. Siggí Siggú gaf sér tíma frá síma um áramótin og leit upp frá síðunum www.forbes.com, www.invest.com og hinni dularfullu síðu www.atlasair.com. Hann sást líka skoða www.atlanta.is en frændi hans á það sko, svo kikti líka hann á www.cargolux.com en hann hefur ekki sést þar lengi. Honum fannst voða gaman þar, eyddi gamlárskvöldinu innan um gamla linka. Svo er sagt frá nýja Cargolux forstjóranum á www.cargolux.com. Icelux.com er í smíðum stendur skrifað. eru Studio og nýja flotta tjékkinnið ekki með heimasíður?